

Mál nr. 264/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (Þ)

Vinnuslys við fall í lyftuopi þann 31.03. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.07. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.08. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M féll niður um lyftuop er hann sagaði planku undan sér. M slasaðist við vinnu sína á vinnusvæði Þ.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í nefndu bréfi. Það telur að slysið verði ekki rakið til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi Þ eða starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Ljóst sé að M hafi viðhaft röng vinnubrögð er hann vann við að saga planku í lyftuopinu. Félagið telur að M hafi unnið verkið í óþökk Þ. Það vísar og til þess M hafi verið starfsmaður starfsmannaleigu en ekki starfsmaður Þ. Lagaskylda hafi því ekki hvílt á Þ að gera M ljósa slysa- og sjúkdómahættu eða sjá um að hann fengi nauðsynlega kennslu og þjálfun, sú skylda hafi hvílt á vinnuveitanda M. Af hálfu Þ hafi samt sem áður verið útskýrt fyrir M hvað hann átti að gera þegar hann kom á staðinn. Í því hafi ekki falist að saga planku í lyftuopi heldur aðstoð við tvo smíði við þeirra störf. Verkstjórn hafi ekki verið ábótavant. Félagið telur að ef úrskurðarnefndin komist að því að bótaskylda sé fyrir hendi þá er það afstaða félagsins að M beri sjálfur sök á tjóni sínu vegna eigin sakar. Honum hafi mátt vera ljós sú "hætta sem fólgin var í því að beita sög niðurfyrir sig þ.e. saga undirstöðu undan sér". Félagið vísar til þess að þetta var fimmti starfsdagur M í vinnu. Þ hafi gengið út frá því að M hafi verið vanur byggingarverkamaður.

Vinnueftirlitið telur að slysið megi rekja til "rangra vinnubragða sem hugsanlega má rekja til misskilnings vegna tungumálaörðugleika".

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist ljóst að rekja megi slys M til rangra vinnubragða, ófullnægjandi verkstjórnar og mögulegs misskilnings vegna tungumálaörðugleika. Mikilvægt er að Þ og/eða starfsmenn hans þ.á m. verkstjórar kynni sér reynslu og þekkingu þeirra starfsmanna sem ráðnir eru til verka. Breytir ekki framanrituðu þó þeir séu starfsmenn starfsmannaleigu. Ábyrgð á verkstjórn í þessu tilviki virðist hafa verið hjá Þ og eftir atvikum reyndum starfsmönnum hans. Fyrir liggur að tungumálaörðuleikar voru fyrir hendi og að M hafi átt að vinna sem verkamaður á vinnusvæðinu þ.e. að aðstoða smíði á staðnum. Lagt verður til grundvallar að verkstjórn og um leið aðstæður á vettvangi hafi verið ábótavant, vegna þessa er greiðsluskylda fyrir hendi.

Miðað við takmarkaða starfsreynslu M og tungumálaörðuleika er ekki tilefni til að skerða réttarstöðu M vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 25. ágúst 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.